

131

25. maí

AUGLÝSING

um lækkun verðtolls af farmgjöldum.

Samkvæmt heimild í c-lið ákvæða um stundarsakir í lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að þrátt fyrir 50% hækkun þá á farmgjöldum, sem viðskiptaráðið hefur heimilað Eimskipafélagi Íslands h.f., frá 8. maí þ. á. að telja, verði verðtollur reiknaður af sömu farmgjöldum, sem giltu fyrir hækkunina.

Verðtollurinn verður því reiknaður af einungis $\frac{2}{3}$ hlutum hinna hækkðu farmgjalda.

Fjármálaráðuneytið, 25. maí 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

132

28. des.

AUGLÝSING

um hvernd Íslands.

Með auglýsingu nr. 101 15. júlí 1941 var frá því skýrt, að ríkisstjóri Íslands hafi á fundi í ríkisráði hinn 10. júlí 1941 staðfest þingsályktun gerða sama dag um, að Bandaríkjum Norður-Ameríku sé falin hvernd Íslands, meðan núverandi stjórn stendur.

Í framhaldi af þessari auglýsingu fara hér á eftir orðsendingar í íslenskum og enskum texta, sem fóru á milli íslenskra stjórnarvalda annars vegar og amerískra og brezkra stjórnarvalda hins vegar, um hvernd Íslands:

Orðsending forsætisráðherra Íslands til forseta Bandaríkja Ameríku.

Í samtali þ. 24. júní skýrði brezki sendiherrann frá því, að þörf væri fyrir brezka herliðið á Íslandi annars staðar. Jafnframt lagði hann áherzlu á, hve afar mikilvægt það væri, að Ísland væri nægilega vel varið. Hann dró einnig athygli að yfirlýsingu forseta Bandaríkjanna þess efnis, að hann yrði að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóða þeirra, sem á vesturhvelinu eru — og væri ein af þeim ráðstöfunum sú að veita aðstoð til að verja Ísland — og að forsetinn sé því reiðubúinn til að

Text of the message from the Icelandic Prime Minister to the President of the United States of America.

In a conversation on June 24th the British Minister explained that the British Forces in Iceland are required elsewhere. At the same time he stressed the immense importance of the adequate defence of Iceland. He also called attention to the declaration of the President of the United States to the effect that he must take all necessary measures to ensure the safety of the Western Hemisphere — one of which measures is to assist in the defence of Iceland — and that the President is, therefore, prepared